

**AUGLÝSING****frá fjármálaráðuneytinu um gildistöku aðalmats fasteigna 1970.**

Aðalmati fasteigna samkvæmt lögum nr. 28 29. apríl 1963 var lokið í októbermánuði 1970. Matsgrundvöllur miðaðist við verðlag um áramótin 1969 og 1970.

Fasteignamatsskrár voru lagðar fram 22. október 1970. Kærufrestur vegna matsins var framlengdur til 20. desember 1970 og kæruúrskurðum allra fasteignamatsefnda var að fullu lokið í marzmánuði 1971.

Meðferð yfirfasteignamatsefndar á kærurum, sem henni bárust, lauk 28. maí 1971.

Þannig var aðalmat fasteigna 1970 staðfest af fjármálaráðherra 23. júní 1971, en gildistöku frestað.

Því tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, að aðalmat fasteigna 1970 tekur gildi í lögskiptum lögum samkvæmt frá og með 31. desember 1971 að telja.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1971.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Jón Sigurðsson.*

**AUGLÝSING****um umferð í Keflavík**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Keflavík:

1. Sett verða stöðvunarskyldumerki B - 13 á gatnamót Hringbrautar og Skólavegar og einnig á gatnamót Hringbrautar og Tjarnargötu, beggja megin Hringbrautar.
2. Sett verða biðskyldumerki A - 4 á gatnamót Duusgötu og Vesturgötu, þannig að Vesturbraut sé aðalbraut.
3. Sett verða gangbrautarmerki með ljósi við gangbrautina móts við Hringbraut 55.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. janúar 1972. Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Bæjarfógetinn í Keflavík, 21. desember 1971.*

**Alfreð Gíslason.**